

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 161/2015****2016/EES/69/32****frá 11. júní 2015****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/14 frá 5. janúar 2015 um breytingu á ákvörðun 2012/88/ESB um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar stjórn- og merkjakerfi í samevrópska járnbrautakerfinu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 37i (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/88/ESB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 D 0014:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/14 frá 5. janúar 2015 (Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2015/14, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 44.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.